

## Samruni Kristins ehf. og Evu consortium ehf.

- Þann 14. október 2024 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna yfirtöku Kristins ehf. („Kristinn“) á Evu consortium ehf. („Eva“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fyrrnefndar reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Þá byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 15. október 2024.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Kristinn allt hlutafé Evu vegna skuldauppgjors, en fyrir átti Kristinn þegar um þriðjungshlut í félaginu og fór því með sameiginleg yferráð í fyrirtækinu með öðrum hluthöfum samkvæmt samrunaskrá. Í kjölfar samrunans verður Eva því undir yferráðum Kristins og hluti af samstæðu félagsins. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
- Í samrunaskrá kemur fram að Kristinn sé eignarhaldsfélag en engir starfsmenn séu þar starfandi, en helsta starfsemi dóttur- og hlutdeildarféлага sé hins vegar fasteignarekstur, heildsala og iðnaður. Eignarhald Kristins er með þeim hætti að félagið er í eigu MarF ehf. og Guðbjargar M. Matthíasdóttir en fyrrnefndi hluthafinn er síðan jafnframt að mestu í eigu Guðbjargar. Í samstæðu Kristins er að finna fjölmörg félög í eigu eignarhaldsfélagsins en helst ber að nefna Evu consortium ehf., Korputorg ehf., Myllan-Ora ehf., Eignarhaldsfélagið Fastus ehf., VV1012 ehf., HV12 ehf., ÁB12 ehf., SK10 ehf., HB 5-7 ehf., og Fjárfestingarfélagið B ehf. Auk þessa eigi Guðbjörg hluti í Fram ehf. og Ísfélagi hf. líkt og greinir í samrunaskrá. Eva á svo 100% hlut í Sinnum ehf. („Sinnum“), en Sinnum sérhæfir sig í félagslegri heimaþjónustu að sögn samrunaaðila. Þá eigi Eva eignarhluti í Heilsumiðstöðinni 108 Reykjavík ehf., en engin starfsemi hafi verið í Heilsumiðstöðinni frá ársbyrjun 2021.
- Að sögn samrunaaðila sé engin starfsemi í Evu, en Sinnum, áður nefnt dótturfélag, bjóði upp á fjölbætta velferðarþjónustu til einstaklinga sem þurfi á aðstoð að halda við daglegt líf vegna aldurs, fötlunar, heilsubreysts eða annarra persónulegra aðstæðna. Viðskiptavinir Sinnum séu sveitarfélög, stofnanir og einstaklingar sem kaupi þjónustu beint af fyrirtækinu, en notendur hjá sinnum séu yfir 200 talsins að sögn samrunaaðila. Einstaklingar sem kaupi þjónustu beint af Sinnum geri það í ríkari mæli til þess að auka lífsgæði sín og til þess að geta búið lengur heima, Flest sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu séu reglulegir viðskiptavinir og geri samninga við fyrirtæki til lengri og skemmri tíma, auk sveitafélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Hjá Sinnum starfi 40 einstaklingar í 19 stöðugildum að sögn aðila.
- Þá kemur fram í samrunaskrá að ekkert dótturfélag Kristins bjóði upp á velferðarþjónustu af þessu tagi, en Fastus selji þó m.a. lækningatæki í ýmri merkingu, s.s. ýmsar vörur fyrir sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, Sjúkratryggingar Íslands, dvalar- og hjúkrunarheimili, rannsóknarstofur og



einstaklinga. Ekkert viðskiptasamband sé þó milli Fastus og Sinnum að sögn aðila. Vegna þessa sé það mat samrunaaðila að þeir séu ekki í samkeppnislegum tengslum sem keppinautar eða viðskiptavinir, enda starfsemi þeirra á ólíkum mörkuðum. Samrunaaðilar telji því að samruninn sé sýnilega ekki til þess fallinn að raska samkeppni með neinum hætti, hvorki með myndun eða styrkingu á markaðsráðandi stöðu né með röskun samkeppni að öðru leyti.

6. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu keppinauta sem getið var til um í samrunaskrá en viðkomandi höfðu engar athugasemdir við samrunann. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og takmörkuðum umsögnum markaðsaðila eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Yfirtaka Kristins ehf. á Evu consortium ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson